

# Hvað eru Íkonar?

(Handmálaðar helgimyndir)

Íkon þýðir ímynd Guðs.

Íkonar eru trúarleg, guðfræðileg list þar sem hvert einstakt atriðið hefur sína merkingu. Íkonagrafían varð til í frumkristni, mótaðist á fyrstu öldum kristinnar trúar og hefur í aðalatriðum ekki breyst síðan.

Hún er órjúfanlegur hluti helgihalds rétttrúnaðarkirkjunnar (Orthodox) og má segja að hún sé ritningin í myndum. Íkonar eru af dýrtingum kirkjunnar, helgum verum og atburðum úr biblíunni.

Íkonagrafían byggir á svokölluðum frummyndum (erkitýpum) sem þýðir að öll sjáanleg form eiga rætur sínar að rekja til einnar fyrirmyndar. Af þessum ástæðum er öll anatómía og hlutföll íkona sú sama. t.d. Í andlitsbyggingu.

Þar er megináhersla lögð á himneska upplifun í jarðneskum líkama, smáum lokuðum munni sem dæmir ekki, mjóu þunnu nefi sem bendir til augnanna, stórra vegna þess að þau sjá allt og eru angurvær vegna sorgarinnar í heiminum. Höfuðið hefur hringlótt form alheimsviskunnar, hálsinn er mikill og þrískiptur, þrunginn hinum heilaga anda. Tákn þrenningarinnar eða þrískiptingin, er mikilvæg og kemur víða fyrir, t.d. í föllun, í klæðnaði, skuggum, vængjum og bakgrunni eða arkitektúr.

Íkonagrafían mótaðist innan býsanskra myndhefðar aðallega í Konstantínópel um árið 1000. Þaðan færðust áhrifin til austur-Evrópu og Grikklands og má síðan greina mismunandi tæknilegar áherslur en íkonagrafían er alltaf sú sama.

Allir litir í íkonanum hafa sína merkingu, t.d. táknar rautt fórn, konungstign og áræði og kraft en blátt er litur himneskrar tignar og visku. Gullið er hin guðlega blessun og himneska dýrð. Býsönsku áhrifin eru augljós þegar uppsetning íkonanna er skoðuð nánar, sbr. fjarlægðir og hlutföll, klæðnað og arkitektúr. Í myndbyggingu íkonanna flest mikil geometría sem byggist á fullkomnu jafnvægi og samræmi þar sem hver form er á sínum stað og engin tilviljun ríkir.

Ramminn um íkonana stendur fyrir glugga paradísar, horft er inn í himnaríki þar sem hið helga orð hefur verið fært í form. Letrið er fornslavneska og þýðir það sem íkoninn stendur fyrir eða nafnið á þeim sem íkoninn er af.

Íkonar eru málaðir á tré sem er sagað og þússað, síðan er sett á það hördúkur og loks mörg lög af kanínulími og gífsi. Þá er myndin teiknuð og grafin í gífsið, ekta gullflögur lagðar á og loks málað með eggtemperu, þ.e. eggjarauðu, vatni og litadufti. Fyrst er byrjað á dekkstu litunum og síðan eru ljósu litirnir lagðir ofan á í þunnum lögum, hvert ofan á annað.

Íkonamálarar styðjast við mjög ákveðnar reglur og lögmál við íkonagerð. Það þykja því eðlileg vinnubrögð að vinna útfrá og styðjast við öruggar og réttar fyrirmyndir eldri málara sem sjálfir höfðu stuðst við hefðina. Aðalatriðið er þó ávallt að gera íkonann sem réttastann, að hafðar séu í heiðri reglur íkonagrafíunnar.

Hið listræna frelsi er mjög takmarkað, enda ekki tilgangurinn að upphefja persónulega reynslu listamannsins. Hin vegar er nauðsynlegt að ná fram ákveðnum eiginleikum. Hvert verk verður að hafa líf.

Www.fondra.is